



Reykjavík 08.10.2020

Efni: Umsögn SAF- Samtakaferðaþjónustunnar um drög að frumvarpi til laga um Tækniþróunarsjóð (mál nr. 201/2020)

SAF – Samtök ferðaþjónustunnar hafa yfirfarið drög að frumvarpi til laga um Tækniþróunarsjóð sem voru birt á samráðsgátt stjórnvalda 28.09.2020. Drögin snúa að að því að flytja ákvæði um sjóðinn í sérlög til að tryggja lagagrundvöll undir starfssemi sjóðsins. Samtökin vilja koma á framfæri eftirfarandi ábendingum varðandi frumvarpsdrögin um sjóðinn.

Samtökin vilja byrja á því að hrósa ráðuneytinu fyrir áform um að færa sjóðinn í sérlög enda mikilvægt að tryggja lagaramma og starfssemi sjóðsins. Sjóðurinn hefur sannað sig sem öflugur bakhjarl tækni- og vöruþróunar á Íslandi.

Ferðaþjónusta hefur á liðnum áratug vaxið í að verða lykil atvinnugrein íslensks atvinnulífs og verið grundvöllur lífsgæða og hagvaxtar síðustu ára. Þó að náttúra landsins sé aðdráttarafl ferðalangsins er óvíst að vöxtur síðustu ára hefði getað átt sér stað nema fyrir tilstilli öflugrar vöru- og tækniþróunar innan atvinnugreinarinnar og stuðningsgreina. Sem dæmi má nefna bókunar-, sölu- og flotastýringarkerfi sem eru að stóru leiti byggð á íslensku hugviti. Þá hefur orðið mikil aukning á ýmskonar vörum innan íslenskrar ferðaþjónustu sem eru byggðar á íslensku hugviti og tækni sbr. Perlan, Icelandic Lava Show í Vík og Aurora Basecamp.

Samkvæmt frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2021 er reiknað með því að efnahagsbati landsins verði drifinn áfram af ferðaþjónustu og að ferðaþjónusta eigi stærsta þáttinn í vexti þjónustuútflutnings á næsta ári.

Það er því viðbúið þegar sér fyrir endann á heimsfaraldrinum að ferðaþjónusta muni fara hratt af stað og halda áfram á braut sjálfvirkni- og tæknivæðingar og þannig styðja við íslensk hátækni fyrirtæki og frumkvöðla. Því er mikilvægt að öflugur stuðningur sé til staðar til að tryggja framþróun greinarinnar til næstu ára.

Í samhengi við þá hröðu tækniþróun sem hefur átt sér stað í íslenskri ferðaþjónustu á síðastliðnum áratug vilja Samtökin benda á að hluti ferðaþjónustunnar í úthlutunum, stjórn og fagráðum innan Tækniþróunarsjóðs er í engu samhengi við stærð atvinnugreinarinnar á landsvísu. Vilja samtökin koma því á framfæri að stjórn sjóðsins sé skipuð miðað við hlutfallslegar stærðir atvinnugreina á landsvísu og að eins sé horft til vaxandi atvinnugreina bæði þegar kemur að skipun í stjórn og fagráð.

Samtökin vilja að lokum benda á hversu lítil hlutdeild ferðaþjónustu hefur verið almennt í atvinnuþróunarsjóðum á vegum ríkisins. Mikilvægt er auka aðkomu greinarinnar í fagráðum og stjórnnum þessara sjóða. Eins er mikilvægt að stjórnir sjóðanna horfi til fjárfestinga og stuðnings við þessa kviku atvinnugrein sem er fljót að snúa vörn í sókn og tryggja undirstöður þeirra lífsgæða sem Íslendingar hafa vanist á liðnum áratug.

Ágúst Elvar-Bjarnason

Virðingarfyllst

f.h. SAF – Samtaka ferðaþjónustunnar